

Ár 1988, miðvikudaginn 4.maí var í málinu nr. 9/1987 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 6.ágúst 1987 kærir Eiríkur Hreiðarsson bóndi á Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu, fasteignamat jarðhitahlunninda tilheyrandi jörðinni Grísará. Í bréfi kæranda kemur fram að jarðhitinn sem Grísará hefur nú, er 30 l. á mín. af ca 80 C heitu vatni og hefur svo verið síðustu árin. Fasteignamatið 1.12. 1986 er kr. 3.188.000.--. Þetta telur kærandi óeðlilega hátt mat og telur sig ekki hafa spurnir af svo háu mati annarsstaðar. Kærandi stundar garðyrkju á jörðinni, bæði ylrækt og grænmetisrækt úti og notar heita vatnið við það, en það telur hann svo lítið að nota þurfi bæði olíu og rafmagn til viðbótar og íbúðarhús sé hitað með rafmagni.

Í kærinni kemur fram að Grísará hafi engan framleiðsurétt í "hefðbundnum búgreinum" og er heita vatnið því undirstaða búrekstrarins að hluta, líkt og hluti túns hjá bónda í "hefðbundnum búskap".

Með bréfi dags. 11.02.1988 leitaði Yfirfasteignamatsnefnd umsagnar hreppsnefndar Hrafnagilshrepps. Svar hreppsnefndar barst í bréfi dags. 19.02. 1988, en þar segir:

"Hreppsnefnd hefur tekið fyrir samkvæmt bréfi yðar dagsettu 11.p.m., kæru Eiríks Hreiðarssonar garðyrkjubónda Grísará I, varðandi mat á jarðhita, hlunnindum þar á jörðinni.


Hreppsnefndin telur að Eiríkur skýri rétt frá öllum aðalatriðum málsins, en hún leggur ekki að öðru leyti dóm á réttmæti kærunar".


Hitaveita Akureyrar hefur upplýst nefndina um verð á heitu vatni frá hitaveitunni til notenda og að Eiríkur Hreiðarsson bóndi á Grísará fái áðurgreint magn af heitu vatni til nota á garðyrkjubýli sínu án endurgjalds.


Með tilliti til fram kominna gagna, svo og upplýsinga um verð og markaðsaðstæður, þykir nefndinni ekki tilefni til lakkunar á fasteignamati framangreindra jarðhlunninda og verður kærán því ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Ofangreind kára ekki tekin til greina.


Pétur Stefánsson


Andrés Svanbjörnsson


Guðmundur Magnússon